

## Fundur í skólaráði 27. september 2018.

---

Mætt: Anna Bergrós, MK, Svava, Elfa Björk Jóhannsdóttir fulltrúi kennara, Svavar Máni Geislason fulltrúi nemenda, Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Aron Sveinn Davíðsson fulltrúi nemenda, Halldór Arason fulltrúi foreldra, Regína Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Anna fer yfir upphaf skólaársins og nýtt skólaráð kynnir sig. Lagt til að halda 6 fundi á skólaárinu. Lagt til að fundir vetrarins verði 1. nóvember, 6. desember, 7. febrúar, 28. mars og 2. maí. Fundaplan samþykkt.

2. Anna fer yfir starfsáætlun Síðuskóla veturinn 2018-2019 og skýrir út ákveðna þætti hennar. Rætt um ný persónuverndarlög og SMT kerfi. Fyrirspurn um þetta tvennt frá fulltrúa foreldra. Fulltrúi foreldra óskar eftir endurskoðun á þeim viðurlögum sem heita uppbótarverkefnum. Einnig kemur tillaga frá fulltrúum foreldra að lögð sé aukin áhersla á reyna að fá námsráðgjafa/sálfræðing/félagsráðgjafa í 100% starf.

3. Farið yfir reglutöflu skólans. Rætt um ákveðnar reglur, m.a. um þá tillögu að nemendum sé skylt að vera með hjálm komi þeir á hjólum, brettum, hjólabrettum eða hjólaskóm. Skólaráðið styður þessar breytingar.

Fleira ekki gert, fundi slitið 16:03

MK.